

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 11. desember 2023.

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 416 - 402. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) þakkar tækifærið til að gera umsögn við tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra. 154. löggjafarþing 2023-2024. Þingskjal 416 - 402. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar fram kominni tillögu um að fela mennta- og barnamálaráðherra að vinna heildstæða stefnu um daglegar, gjaldfrjálsar, næringarríkar skólamáltíðir og umgjörð þeirra. Félagið tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að skólamáltíðir geta stutt við námsárangur barna, næringu, heilsu og almenna vellíðan. Holl og góð næring er grunnþáttur í þroska barna og ungmenna og mikilvæg fyrir vöxt þeirra og þroska. Rannsóknir sýna að gjaldfrjálsar skólamáltíðir og bætt næring hefur jákvæð áhrif á námsárangur, heilsu og dregur úr ójöfnuði meðal nemenda.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins. Félagsráðgjafar hitta í daglegum störfum sínum einstaklinga og fjölskyldur sem búa við fátækt og leita leiða til að bæta stöðu þeirra. Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Markmið félagsráðgjafar er að vinna að lausn félagslegra og persónulegra vandamála og sporna við félagslegu ranglæti. Félagsráðgjafi vinnur gegn mannréttindabrotum hvar svo sem þau eiga sér stað.

Rannsóknarskýrslur frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) um áhrif félagslegrar stöðu á heilsufar hafa undanfarna ára tugi sýnt að langvarandi sálfélagsleg streita (PSS) er afgerandi þáttur sem útskýrir styttri lífslíkur og lakari heilsu fátæks fólks.¹ Þó fátækt barna hafi dregist saman undanfarin ár býr eitt barn af hverjum átta við fátækt á Íslandi sbr. frétt á vef UNICEF á Íslandi.²

Félagsráðgjafafélag Íslands er reiðubúið að taka þátt í umræðu um jafnrétti og bættu stöðu barna og fylgja athugasemdum eftir sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður

¹ Sjá t.d. Wilkinson, Richard, Marmot, Michael & World Health Organization. Regional Office for Europe. (2003). Social determinants of health: the solid facts, 2nd ed (en). World Health Organization. Regional Office for Europe. <https://iris.who.int/handle/10665/326568>

² Sjá <https://www.unicef.is/eitt-af-hverjum-fimm-bornum-bua-vid-fataekt-i-rikustu-londum-heims> Sjá einnig Gwyther Rees, Eszter Timar, Finagnon Antoine Dedewanou, Frank Otchere, Alessandro Carraro and Sabbiana Cunsolo. Child Poverty in the Midst of Wealth. (2023). www.unicef.org/globalinsight/reports/report-card-18-child-poverty-amidst-wealth-2023.pdf